



STUC SEALER

BINDI- OG VÆTIGRUNNUR

LÝSING

Stuc Sealer er vatnspynnalegur, eins þáttar bindi- og vætigrunnur sem nota má ofan á steinefnayfirborð, s.s. steinefnaspartl, steypu, gólfplot o.fl. Stuc Sealer skal nota sem grunn undir lökkinn Stuc Vernis PU eða 1KPU. Stuc Sealer kemur í veg fyrir hugsanleg efnahvörf við kalkefni (í steinefnaspartli), minnkar ísog og dökkun í yfirborðsmeðhöndlun með Stuc Vernis PU og önnur tveggja þátta lökk. Lokaumferð af lakki má bera á flötinn einungis þremur klst. eftir umferð af Stuc Sealer.

NOTKUN EFNIS Á STEINEFNASPARTL

Við eðlilegar kringumstæður (raka- og hitastig) og með samtals 1,5 mm umferðarþykkt af Stuc Deco/Granito má nota Stuc Sealer ofan á eftir 24 klst. Stuc Deco/Granito þarf að vera alveg þurrt áður en Stuc Sealer er borinn á. Undirlagið verður að vera fast í sér, sterkt, stöðugt, þurrt, hreint og laust við öll óhreini.

Stuc Sealer er tilbúið til notkunar á láréttum og lóðréttum flötum. Berið Stuc Sealer ríkulega á með 11 mm málningarrúllu. Mettið flötinn vel og myndið yfirborðsfilmu. Undantekningarlaust skal krossrúlla efninu til að forðast rendur – ekki skera með pensli, notið límband og krossrúllið út frá límbandinu. Þetta á sérstaklega við um dökka liti. Stuc Sealer gerir litinn á Stuc Deco/Granito aðeins dekkri, þó aðeins í dekkri litum efnisins. Stuc Sealer er gljáandi og getur gljástigsmunur eða rendur komið fram eftir notkun sem dofna svo eða hverfa við lökkun með möttu lakki. Sem lokaumferð skal nota Stuc Vernis PU þar sem álag er mikið, t.d. á gólfum og í votrymum. Einnig má nota önnur tveggja þátta lökk, t.d. Wapex Pur eða Puroc Xtramat. Þar sem álag er lítið má nota 1KPU.

Stoopen & Meeus mæla með að gera nokkrar prófanir áður en efnið borið er á allt yfirborðið, með hliðsjón af gerð og ástandi undirlagsins.

NOTKUN EFNIS Á FLOT

Stuc Sealer er nauðsynlegur sem fyrsti grunnur ofan á flest allar tegundir af gólfploti. Sum iðnaðarflot eru þó það þétt í sér að ekki er hægt að lakka yfir þau. Við notkun Stuc Sealer á flot skal þynna efnið með vatni um 25%. Sem lokaumferð má nota Stuc Vernis PU, Wapex PUR eða Puroc Xtra Mat og þar sem álag er minna má nota parketlakk.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisþyngd	1,03 kg/l	Efnisnotkun	100-125 g/m ² 8-10 m ² . Fer eftir grófleika og ísogi yfirborðs
Þurrefni	+/- 33%	Þornunartími	Snertipurrt eftir +/- 60 mín, fer eftir yfirborði og umhverfi (20°C og 65% raka með nægri loftun). A.m.k. 3 klst frá málun má bera Stuc Vernis PU á (við 20°C og 65% raka með nægri loftun)
Þynning	Tilbúið til notkunar; þynning minnkar áhrif	Hita- og rakastig	Yfirborðshiti og umhverfishiti 10-25°C. Rakastig 40-80%. Forðist beint sólarljós
Áhöld	Málningarrúlla 11 mm	Hreinsun áhalda	Vatn
Fjöldi umferða	1	Geymsluþol	12 mánuðir í lokuðum umbúðum; takmarkaður geymslutími eftir opnun

ATHUGIÐ

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar www.serefni.is.